



Reglur um umsjónarmann áhættustýringar Byggðastofnunar

1. gr.

Þessar reglur eru settar í samræmi við 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er varða áhættustýringu fjármálafyrirtækja, sbr. lög nr. 57/2015. Þar sem starfsemi Byggðastofnun réttlætir ekki sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringarmun annar starfsmaður hafa umsjón með áhættustýringu Byggðastofnunar. Sá starfsmaður kallast umsjónarmaður áhættustýringar.

2. gr.

Umsjón með áhættustýringu Byggðastofnunar skal vera í höndum sérfræðings sem heyrir beint undir skrifstofu forstjóra Byggðastofnunar. Umsjónarmaður áhættustýringar skal njóta sjálfstæðis í störfum sínum og hafa umsjón með áhættustýringu stofnunarinnar. Umsjónarmaður áhættustýringar, með eða án þátttöku forstjóra, skal kynna fyrir stjórn öll tilvik sem falla undir hans verksvið og hann álitur að haft geti alvarlegar afleiðingar fyrir stofnunina.

3. gr.

Stjórn Byggðastofnunar skal staðfesta starfslok umsjónarmanns áhættustýringar, hvort sem þau verða að eigin ósk eða samkvæmt ákvörðun forstjóra. Umsjónarmaður áhættustýringar hefur rétt á því að koma á fund stjórnar þar sem fjallað er um starfslok hans og gera grein fyrir sínum sjónarmiðum án aðkomu forstjóra. Starfslok umsjónarmanns áhættustýringar skulu alltaf tilkynnt Fjármálaeftirlitinu sem og endurskoðanda stofnunarinnar.

4. gr.

Umsjónarmaður áhættustýringar skal hafa aðgang að öllum upplýsingum og gögnum sem hann telur nauðsynlegt til þess að geta sinnt skyldum sínum. Hann skal jafnframt hafa beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn stofnunarinnar, án aðkomu forstjóra. Hann skal leggja fyrir stjórn skýrslu um framkvæmd áhættustýringar svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en árlega.

5. gr.

Áhættustýring skal sjá til þess að greining, mæling og skýrslugjöf um áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis fari fram og sé fullnægjandi, þ.m.t. skýrslur til stjórnenda og eftirlitsaðila. Áhættustýring skal taka virkan þátt í mótun áhættustefnu fjármálafyrirtækis og hafa aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Áhættustýring skal hafa heildstæða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækis.

Starfssvið áhættustýringar skal tryggja að skilvirk verkferli vegna áhættustýringar séu til staðar innan fjármálafyrirtækis.

Slík skjalfest verkferli skulu m.a. skýra hlutverk áhættustýringar vegna eftirfarandi efnisþátta:

- Stefna fjármálafyrirtækis og ákvarðanatáka



- Viðskipti við tengda/venslaða aðila (e.related parties)
- Flækjustig í tengslum við lagalega uppbyggingu fjármálafyrirtækisins
- Mikilsháttar breytingar er hafa áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis
- Mælingar og mat á áhættupáttum
- Vöktun á áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis
- Ósamþykktar áhættuskuldbindingar

Verkefni umsjónarmanns áhættustýringar eru eftirfarandi (ekki tæmandi):

1. að fylgjast með að markmiðum og stefnum í áhættustefnu stofnunarinnar sé fylgt
2. að taka út fylgni við verklagsreglur stofnunarinnar
3. að fylgjast með því að innri ferlar Bygðastofnunar taki tillit til áhættupátta skv. 78. gr. a – 78. gr. i eftir því sem við á.
4. Í apríl eða maí ár hvert skal umsjónarmaður áhættustýringar flytja stjórn skýrslu um framfylgd áhættustýringar (ICAAP)

Samþykkt á fundi stjórnar Bygðastofnunar 20. janúar 2017.